



Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku

Ráðsnilld og ribbaldar

Um hugmyndafræði í glæpasögum fyrir börn og unglinga

Sigríður Diljá Vagnsdóttir

Leiðbeinandi: Dagný Kristjánsdóttir

Maí 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Ráðsnilld og ribbaldar

Um hugmyndafræði í glæpasögum fyrir börn og unglinga

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Sigríður Diljá Vagnsdóttir

Kt.: 030195-3299

Leiðbeinandi: Dagný Kristjánsdóttir

Mái 2018

Ágrip

Barnabókmenntir eru að margra mati eitt mikilvægasta bókmenntaform sem til er. Í samfélagi þar sem lestrarkunnátta er grundvöllur menntunar skiptir miklu máli að börn jafnt sem fullorðnir hafi góð tök á lestri, og barnabækur gegna þar afar mikilvægu hlutverki í því að vekja lestraráhuga barna.

Í þessari ritgerð er ákveðin grein barnabókmennta til umfjöllunar, sem hefur allt frá fyrstu útgáfu notið mikilla vinsælda og fær hér nafnið „glæpasögur fyrir börn“. Nokkrir af bókaflokkum þeirra Edward Stratemeyer og Enid Blyton eru teknir sérstaklega til umfjöllunar en það eru; *Frank og Jói*, *Nancy Drew*, *Fimmbækurnar*, *Dularfullu bækurnar* og *Ævintýrabækurnar*. Fyrst og fremst er leitast við að kanna hvaða hugmyndafræði þessi undirgrein barnabókmennta miðlar til lesenda og í því ferli eru vinsældir bókanna teknar til umfjöllunar, sem og gagnrýni á þær. Af nógu er að taka þegar kemur að gagnrýni á bækur Blyton og Stratemeyer og í ljós kemur að það er að mestu leyti sú hugmyndafræði sem bækurnar miðla sem verður fyrir gagnrýninni, þó einnig beri á gagnrýni á bókmenntagreinina sjálfa. Farið er ofan í saumana á þessari gagnrýni, sem og því sem höfundar og bækur þeirra hafa sér til málsbóta. Niðurstaðan er sú að bæði er hægt að finna vísbendingar um „góða“ og „slæma“ hugmyndafræði í bókunum. Þó er staðreyndin sú að þessar bækur eru einhverjar vinsælustu barnabækur frá upphafi og hafa líklega átt stóran þátt í því að móta lestraráhuga óteljandi barna í gegn um tíðina.

Þakkir

Leiðbeinanda mínum, Dagnýju Kristjánsdóttur, þakka ég kærlega fyrir skemmtilegar samræður og góðar ábendingar við gerð þessarar ritgerðar. Foreldrum mínum þakka ég ómetanlegan stuðning alla tíð og mömmu þá sérstaklega fyrir yfirlestur á flestu því sem ég hef skilað frá mér á minni skólagöngu. Kærar þakkir fær Sigurbjörg mín líka fyrir yfirlestur. Ólöfu vinkonu minni vil ég þakka fyrir að vera samferða mér hvert einasta skref í náminu og gera þetta BA nám að þeirri endemis snilld sem það var. Án þín væri ég enn þá uppi á fjórðu að leita að Bókmenntasögu VI. Síðast en ekki síst vil ég svo þakka Eyþóri fyrir endalausum þolinmæði og fyrir að koma mér heilli í gegn um þessi ritgerðarskrif.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Þakkir	2
1. Inngangur	4
2. Glæpasögur fyrir börn	5
2.1 Vinsælar bókaseríur	5
2.2 Frank og Jói	5
2.3 Nancy Drew	6
2.4 Fimmbækurnar	7
2.5 Dularfullu bækurnar	7
2.6 Ævintýrabækurnar	8
3. Hvers kyns bækur?	9
3.1 Barnabækur	9
3.2 Glæpasögur	9
4. Börn fullorðnum fremri	11
4.1 Snjöllu ungmennin	11
4.2 Viðhorf til yfirvalda	11
4.2.1 Vanhæfi lögregluþjónninn	11
4.2.2 Yfirvöld í virðingarstöðu	12
4.3. Sjálfstæðu ungmennin	13
5. Vinsældir	15
5.1 Með puttann á púlsinum	15
5.2 Hugmyndafræði sem vekur vinsældir	16
6. Mótmælaraddir og álitamál	17
6.1 Gagnrýni á bókmenntagreinina	17
6.2 Kynþáttafordómar	19
6.3 Glæfraleg hegðun	20
6.4 Hlutverk kynjanna	22
6.5 „Fjöldaframleiddar sorpbókmenntir“	24
7. Bókunum til varnar	25
7.1 Nancy Drew og Georgína – Femíníska hliðin	25
7.2 Sjálfstæðu börnin	26
7.3 Ritstýrt ofbeldi	27
7.4 David Rudd og hin misskilda Enid Blyton	28
8. Lokaorð	30
Heimildaskrá	31

1. Inngangur

„Það er skeytingarleysið eitt, sem veldur því, hve fáir vita, að barnabókmenntir eru sennilega flestum bókmenntum æðri.“

(Stefán Jónsson, 1972, bls. 79)

Svo segir Stefán Jónsson í grein sinni *Vikið að vandamáli*, sem birtist í afmælisriti Kennaraháskóla Íslands árið 1958. Með þessum orðum á hann líklega við að barnabækur gegna afar mikilvægu hlutverki í samfélaginu en fáir gera sér grein fyrir því vegna þess að oft virðist minni virðing borin fyrir því efni sem sérstaklega er unnið fyrir börn. Barnabækur skipta höfuðmáli þegar kemur að því að vekja áhuga barna á lestri. Þegar börnin eru komin yfir fyrsta hjallann, ef svo má segja, og búin að ná góðum tókum á lestrinum, er ekki síður mikilvægt að gott framboð sé af bókum fyrir þau sem fær þau til að vilja lesa sér til gamans. Þó að mikilvægt sé að geta lesið sér til gagns, til dæmis kennslubækur, þá skiptir líka afar miklu máli að börn vilji lesa í frítíma sínum og lesi annað en bara það sem þau eru skikkuð til að lesa (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, bls. 569).

Barnabókmenntir eru sérstakt bókmenntasvið en það er þó ekki þar með sagt að umfjöllunarefni barnabóka sé einhæft eða hvert öðru líkt. Þvert á móti býður hin víðfeðma flóra barnabóka upp á næstum allar sömu bókmenntagreinir og fullorðinsbókmenntir en höfundar þurfa þó að laga efnið að hinum yngri lesendahópi (Dagný Kristjánsdóttir, 2015, bls. 18). Glæpasögur og reyfarar hafa verið afar áberandi síðustu ár og áratugi og tróna jafnan á toppi metsölulistanna ár hvert. Það eru þó ekki aðeins þeir fullorðnu sem virðast hafa gaman af sögum af þessu tagi vegna þess að svipaðar sögur skrifaðar fyrir börn hafa einnig notið mikilla vinsælda í gegnum árin. Kannski væri nærtækara að tala um spennusögur eða ævintýrasögur í þessu samhengi en hér verður fjallað um bækur af þessu tagi sem „glæpasögur fyrir börn“. Margar af vinsælustu sögunum tilheyra bókaseríum þar sem lesendur fá sífellt að fylgjast með nýjum svaðilförum sögupersóna. Hér verður fjallað um nokkra slíka bóka flokka sem hafa áratugum saman skemmt börnum um allan heim og látið þau bíða með óþreyju eftir næstu bók. Nokkur síendurtekin minni verða skoðuð sérstaklega enda líkleg til að hafa stuðlað að vinsældum bóka flokkanna. Einnig verður farið yfir gagnrýni á bókmenntagreinina, í hverju hún felst og hvað bækurnar og höfundar þeirra hafa sér til málsbóta. Þannig verður leitast við að svara spurningunni: Hvaða hugmyndafræði miðla þessar bækur til hinna ungu lesenda?

2. Glæpasögur fyrir börn

2.1 Vinsælar bókaseríur

Sögur sem segja frá börnum og unglingum sem leysa úr dularfullum málum, kljást við glæpamenn og finna falda fjársjóði hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin. Fjölmargar slíkar bækur hafa verið skrifaðar og til eru heilu bókaflokkarnir af slíkum sögum.

Þeir bókaflokkar sem hér verður fjallað um eiga það sameiginlegt að bækurnar sem byggja hvern og einn þeirra upp eru afar svipaðar innbyrðis. Með því er átt við að grunnur sögunnar, aðalpersónur og almennar hugmyndir og skoðanir sem fram koma í henni eru nokkurn veginn þær sömu í flestum ef ekki öllum bókunum. Það eru fyrst og fremst einstaka sakamál eða viðfangsefni sem breytast milli bóka. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður því fjallað um bókaflokkana í heild sinni en stuðst verður sérstaklega við eina bók úr hverjum flokki sem dæmi um umfjöllunarefni og uppbyggingu bókanna. Til þess að skilja umfjöllunarefnið er þó mikilvægt að þekkja aðeins til þeirra bóka sem teknir verða fyrir og því verður hér fyrst fjallað stuttlega um hvern bókaflokk fyrir sig.

2.2 Frank og Jói

Frank og Jói Hardy eru bræður sem flestir kannast við. Þeir eru aðalpersónur bókaseríu sem skrifuð er af Franklin W. Dixon, en það nafn er einungis höfundarnafn notað af mörgum mismunandi rithöfundum, upprunnum frá Stratemeyer samtökunum (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 20). Alls komu út 58 bækur í upprunalegu bókaröðinni um þá bræður og voru um 40 þeirra þýddar á íslensku. Síðar komu út fjölmörg svipuð verk um bræðurna, byggð á upprunalegu sögunum fram til 1959 þegar bókaflokkurinn var tekinn til gagngerrar endurskoðunar. Fyrsta bókin, *The Tower Treasure*, kom út árið 1927 og fékk íslenska þýðingu árið 1967 undir nafninu *Frank og Jói finna fjársjóð* (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 13; Frank og Jói, e.d.).

Þessir 17 og 18 ára bræður lifa heldur viðburðaríkara lífi en flestir úr lesendahópi þeirra, en samhliða því að stunda námið af kappi, hitta kærustur og vini og keppa í íþróttum, leysa þeir úr snúnum sakamálum. Þeir lærðu allt sem þeir kunna af föður sínum, leynilögreglunni og fyrrverandi lögreglumanninum Fenton Hardy (Hardy Boys, e.d.). Segja má að sögurnar séu nánast tímalausar, að minnsta kosti virðist enginn tími líða milli bókanna og bræðurnir eru alltaf 17 og 18 ára þó þeir vísi gjarnan í eldri mál sem þeir hafa unnið að. Þeir hafa líka nægan tíma til að einbeita sér að hinum æsispennandi sakamálum þar sem þeir eru, af einhverjum óútskýranlegum ástæðum, nær alltaf í einhvers konar skólafrí. Þeir Frank og Jói leysa þó ekki

alltaf úr málunum hjálparlaust en auk föður þeirra eiga þeir nokkra trausta og góða vini sem virðast tilbúnir til að láta af því sem þeir eru sjálfir að fást við til að hjálpa þeim bræðrum hvenær sem er. Oftast er það hinn trausti Siddi Morton sem slæst í för með þeim Frank og Jóa en þeir Biddi Hooper og Toni Prito bjóða einnig fram aðstoð sína í sumum bókanna.

Mikil ábyrgð er lögð í hendur drengjanna og verður að segjast að einstaka sinnum er heldur óraunhæft hversu alvarleg mál tveir unglingspiltar eru látnir fást við nær aðstoðarlaust. Dæmi um þetta má sjá í *Frank og Jóa á Íslandi* þar sem bandarískur geimfari týnist á Íslandi og yfirvöld í Washington fá bræðurna og vini þeirra til að vinna að málinu, sem verður að teljast heldur stórt verkefni fyrir tvo 17 og 18 ára drengi (Dixon, 1971).

2.3 Nancy Drew

Þessi geysivinsæla bókasería er líkt og bækurnar um Frank og Jóa runnin undan rifjum Stratemeyer samtakanna. Fyrsta bókin um Nancy Drew, *The Secret of the Old Clock*, kom út árið 1930 og íslenska þýðingin, *Leyndarmál gömlu klukkunnar*, kom síðan út árið 1965. Nancy Drew var því þýdd á íslensku tveimur árum áður en íslenskir lesendur fengu fyrst að kynnst Hardý bræðrum, jafnvel þó svo að byrjað hafi verið að gefa út hinar svokölluðu drengjasögur þremur árum fyrr. Upprunalega bókaröðin um Nancy hefur að geyma 56 bækur en líkt og með Hardý bræður þá voru síðar gefnar út aðrar gerðir af sömu sögum sem náðu aldrei jafn miklu flugi og þær upprunalegu (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 13; Steingerður Steinarsdóttir, e.d.). Höfundar bókanna skrifa undir höfundarnafninu Carolyn Keene en aðalpersónan er hin unga Nancy Drew, „besti áhugaleynilögreglumaður í River Heights“ (Keene, 1999, bls. 6). Sá sem lýsir Nancy með þessum orðum er góðvinur föður hennar, Freeman skartgripasali, sem fram kemur í áttundu bókinni um Nancy, *Draugahúsið*. Nancy er nefnilega ekki persóna sem hægt er að fella undir „hefðbundar“ hugmyndir um stúlkur á þessum tíma. Hún er úrræðagóð og snjöll stelpa með bein í nefinu og lætur það svo sannarlega ekki stoppa sig að vera kvenmaður.

Nancy leysir í sögunum hinar ýmsu ráðgátur, stendur sig vel og fær mikið lof fyrir. Hún virðist, líkt og Hardý bræður, hafa erfitt áhugann á ráðgátum frá föður sínum. Carson Drew, faðir Nancyar er frægur lögmaður og Nancy nýtur oftast en ekki aðstoðar hans þegar leysa þarf úr flóknum málum (Keene, 1999, bls. 6). Þetta er þó ekki það eina sem er líkt með Nancy og Hardý bræðrum en hún fær eins og þeir gjarnan aðstoð frá vinum sínum við að leysa málin sem hún tekur sér fyrir hendur. Bess Marvin og Georgína Fayne eru persónur sem svipar afar mikið til Sidda Morton og Bidda Hooper, vina Hardý bræðra, þegar kemur að hlutverki þeirra í

sögunum. Bess er til dæmis lýst sem heldur fljótfærri og einstaka sinnum hugsunarlausri, klaufalegri persónu, rétt eins og Sidda. Í *Draugahúsinu* missir hún út úr sér við konu í flugvél hvert þær stóllur eru að fara og hvar þær ætla að gista (Keene, 1999, bls. 13-14), líkt og þegar Siddi segir fréttapuli Strandhafnarsjónvarpsins óvart frá fyrirhugaðri Íslandsferð Hardý-bræðra sem átti að vera háleynileg (Dixon, 1971, bls. 11).

Þrátt fyrir hin ýmsu skakkaföll og feilspor vinkvennanna og Nancyar sjálfrar blessast þó alltaf allt á endanum og Nancy nær með einstöku hugviti að leysa úr flóknustu málum.

2.4 Fimmbækurnar

Fimmbækurnar eftir Enid Blyton segja frá þremur systkinum, þeim Júlla, Önnu og Jonna, Georgínu frænku þeirra sem vill láta kalla sig Georg og hundinum hennar, Tomma. Börnin eru á aldrinum tíu til tólf ára og ganga öll í heimavistarskóla en í skólafríum hittast þau jafnan og bralla ýmislegt saman. Oftar en ekki leiðir það þau svo út í lausn einhverra glæpamála, fjársjóðsleit eða annað álíka.

Júlli er elstur af systkinunum og er því eins konar leiðtogi hópsins, Jonni og Georg eru jafn gömul en Anna er yngst. Drengirnir eru nokkuð hefðbundnar persónur og finnst það jafnan vera í sínum verkahring að stjórna förinni og vernda stúlkurnar þegar þau lenda í vandræðum. Georg er heldur óhefðbundnari persóna en þó afar áhugaverð. Hún reiðist venjulega ef einhver kallar hana hennar rétta nafni, hún vill alltaf helst fá að umgangast drengina og gera það sama og þeir, en best finnst henni þó þegar einhver sem þekkir hana ekki telur hana vera strák. Það má því sjá nokkuð skýrar andstæður í henni og Önnu, sem þrátt fyrir að vera yngst af börnunum tekur að sér einhvers konar móðurhlutverk innan hópsins. Hún sér gjarnan um að útbúa matinn og passa að allt sé þrifalegt, algjör andstæða við það sem Georg sækir í að gera. Þó að börnin séu nokkuð ólík þá virðist þeim oftast líka albest að vera hvert með öðru og í sameiningu tekst þeim að koma sér í ýmis konar ævintýri (Blyton, 1963).

2.5 Dularfullu bækurnar

Dularfullu bækurnar eftir Enid Blyton segja frá ævintýrum „fimmmenninganna og Snata“, en það eru þau Palli, Beta, Dísa, Lárus og Finnur, og svo hundurinn Snati. Finnur, Dísa og Palli eru öll jafn gömul, Lárus er ári eldri en þau og Beta er nokkrum árum yngri. Líklega eru börnin á svipuðum aldri og hin fimm fræknu en þó er aldrei talað sérstaklega um aldur þeirra í bókunum líkt og gert er í *Fimmbókunum*.

Fimmmenningarnir rannsaka dularfull mál í heimabæ sínum, Pétursskógi, þar sem ótrúlegur fjöldi saknæmra atvika virðist eiga sér stað og glæpatíðnin er ansi há, að minnsta kosti meðan á skólaleyfum stendur. Það gildir nefnilega það sama um þessar bækur og flestar aðrar sem hér eru til umfjöllunar, að söguhetjur virðast alltaf vera í frí frá skóla þegar hin dularfullu mál eiga sér stað. Finnur er sjálfskipaður leiðtogi hópsins en hann er líka sá þeirra sem er snjallastur við að fara í dulargervi og ákveða hvernig best sé að bera sig að við rannsókn mála. Heima hjá honum er garðhýsi sem hann hefur til umráða, þar geymir hann dulargervin sín og ýmislegt annað sem nýst hefur honum og félögum hans við að leysa hin ýmsu sakamál, svo sem gervitennur, kinnapúðar og gerviskegg (Blyton, 1967, bls. 29).

Þó að fimmmenningarnir og Snati séu vissulega aðalsöguhetjur bókanna þá eiga þeir Jensk lögreglufulltrúi og Gunnar lögregluþjónn einnig nokkuð stór hlutverk í sögunum. Báðir eru þeir birtingarmynd yfirvalds í sögunum en þó eru lýsingarnar á þeim og framkoma krakkanna við þá heldur misjafnar. Nánar verður farið yfir það í kaflanum *Viðhorf til yfirvalda* hér á eftir.

2.6 Ævintýrabækurnar

Þegar kemur að persónusköpun þá svipar *Ævintýrabókunum* mikið til þeirra bókaflokka Enid Blyton sem þegar hefur verið sagt frá. Líkt og í *Dularfullu bókunum* og *Fimmbókunum* er hér um að ræða hóp barna og eitt dýr en hér eru það systkinin Finnur og Dísu og svo annað systkinapar, Jonni og Anna, sem lenda í ævintýrum, að ógleymdum páfagauknum Kíkí. Barnahópurinn hér er á svipuðum aldri og sá sem sagt er frá í *Fimmbókunum*, 11-14 ára.

Líkt og í öðrum sögum af sömu gerð þá gerast sögurnar flestar í einhverju skólafrí barnanna, sem þau eyða öll saman. Anna og Jonni misstu foreldra sína ung en móðir Dísu og Finns tók þau í raun að sér í fyrstu bók flokksins svo börnin alast upp eins og nokkurs konar systkini. Þó að þessi börn lendi í margvíslegum ævintýrum, eins og nafn bókaflokksins gefur til kynna, þá eru þau ekki alveg eins sækin í spennuna og hasarinn og börnin sem sagt er frá í hinum bókaflökunum tveimur eftir Enid Blyton. Börnin í *Ævintýrabókunum* eru heldur ekki alveg eins upplitsdjörf og hin fimm fræknu eða söguhetjur *Dularfullu bókanna* þegar þau lenda í vanda. Í fyrsta sinn sem þau komast í vandræði, í *Ævintýraeyjunni*, líst þeim síður en svo á blikuna þegar ókunnugir menn halda þeim föngrum í koparnámu á eyðieyju. Börnunum tekst þó alltaf að koma sér út úr þeim vandræðum sem þau lenda í og bækurnar enda jafnan á því að þeim er hrósað í hástert fyrir afrek sín og hugvitssemi (Blyton, 2006).

3. Hvers kyns bækur?

3.1 Barnabækur

Vissulega eru þær bækur sem hér er fjallað um fyrst og fremst barna- og unglingabækur. Þær eru skrifaðar fyrir börn og unglinga af fullorðnu fólki sem setur sig í spor þeirra og skrifar sögurnar út frá sjónarhorni mun yngri manneskju. Ýmsir hafa tekið að sér að skilgreina hvað barnabókmenntir séu nákvæmlega, en Perry Nodelman telur nokkur atriði vera sérlega einkennandi fyrir barnabókmenntir. Barnabækur eiga að geta skemmt bæði börnum og fullorðnum, en eitt einkenni góðra barnabóka er einmitt að margra mati að þær eru líka góðar fullorðinsbækur (Dagný Kristjánsdóttir, 2015, bls. 14). Umfjöllunarefni bókana er þó fyrst og fremst miðað að börnum og skrifað þannig að börnin skilji það vel og hafi gaman af lestrinum. Þó að oftast komi einhverjir fullorðnir fyrir í bókunum þá eru það börnin sem leika aðalhlutverkið og sagan er sögð út frá þeirra sjónarmiðum. Þó barnabækur geti haft flókinn söguþráð og djúpar persónur þá telur Nodelman þær oftast vera heldur einfaldar, en það sé þó fyrst og fremst til þess að börnin geti betur náð utan um persónur og atburði og skilið sögurnar sem best. Lögð er áhersla á að fjalla á nokkuð yfirvegaðan og fallegan hátt um hlutina og það verður að teljast algjört undantekningartilfelli ef barnabók endar illa (Nodelman, 2008, bls. 242-243).

Þessi skilgreining á nokkuð vel við bækur Blyton og Stratemeyer, en þó að umfjöllunarefni þeirra geti orðið heldur háskalegt endrum og eins þá er frásagnaraðferðin aldrei þannig að óþægilegt sé að lesa sögurnar. Enid Blyton lagði sérstaklega mikið upp úr því að ekkert í bókum hennar væri óþægilegt aflestrar fyrir börn, og bækur hennar sem og bækurnar um Nancy Drew og Hardý bræður enda að sjálfsögðu alltaf eins og best hefði verið á kosið fyrir aðalpersónurnar (Ármann Jakobsson, 2005, bls. 236).

3.2 Glæpasögur

Árið 2001 gaf Háskólaútgáfan út bókina *Glæpurinn sem ekki fannst*, en á bakkápu bókarinnar er hún kölluð „fyrsta fræðibókin um sögu og þróun íslenskra glæpasagna“ (Katrín Jakobsdóttir, 2001). Bókin er byggð á BA ritgerð Katrínar Jakobsdóttur, sem hún skrifaði tveimur árum áður. Í bókinni fjallar Katrín um ýmislegt tengt íslenskum glæpasögum, en líka um glæpasögur almennt og sérstaklega hvað það er sem gerir sögu að glæpasögu. Hún segir að ekki sé hægt að flokka allar sögur sem fjalla um glæpi undir glæpasögur og því þurfi að skoða fleira en bara umfjöllunarefni sagnanna þegar flokka á þær á þennan hátt (Katrín Jakobsdóttir, 2001, bls. 19).

Í bókinni *Bloody Murder* fjallar Julian Symons um þessa bókmenntagrein og segir að almennt sé leynilögreglusagan talin bera höfuð og herðar yfir aðrar álíka bækur þegar kemur að vinsældum. Slíkar sögur einkennist af því að um einhverja ráðgátu sé að ræða, sagan segir frá rannsókn málsins og endar síðan á því að einhver persóna leysir gátuna (Symons, 1972). Þetta á vel við um þær bækur sem hér eru teknar til umfjöllunar, en í öllum þeirra kemur fram einhvers konar ráðgáta sem þarf að leysa, og eru það börnin og unglíngarnir, aðalsöguhetjurnar, sem enda jafnan á því að leysa málið. Það virðist því vera á nokkuð góðum rökum reist þegar *Dularfullu bækurnar* eru til dæmis kallaðar „leynilögreglusögur handa börnum og unglíngum“ í *Æskunni* árið 1962 (Jólabækur, 1962).

Fleiri skilgreiningar fræðimanna styðja við þá kenningu að þessar bækur geti talist sem leynilögreglusögur, en John G. Cawelti er einn þeirra sem skrifað hefur mikið um grunnbyggingu leynilögreglusagna og glæpasagna almennt. Hann telur meðal annars að ákveðnar manngerðir séu nauðsynlegar fyrir framgang sögunnar þegar um leynilögreglusögu er að ræða. Þær eru; fórnarlambið, glæpamaðurinn, leynilögreglumaðurinn og svo þeir sem ógnað er af glæpnum en eru ófærir um að leysa málið (Katrín Jakobsdóttir, 2001, bls. 27; Cawelti, 1976, bls. 91). Allar þessar manngerðir má sjá bæði í bókum Blyton og Stratemeyer. Börnin sem sögurnar fjalla um eru þar í hlutverki leynilögreglumannsins og alltaf er eitthvert fórnarlamb til staðar sem verður fyrir þeim glæp sem um ræðir. Einhver glæpamaður, einn eða fleiri sjá um að fremja glæpinn, og ýmsar aukapersónur eru í hlutverki þeirra sem ógnað er af glæpnum en geta ekki leyst málið sjálfir. Sé Nancy Drew bókinn *Draugahúsið* tekin sem dæmi þá er skiptingin á þann veg að ekkjan frú Putney og Lóla White eru fórnarlömbin, glæpamennirnir eru Brex bræður sem leika á þær og svíkja af þeim fé, Nancy sjálf er leynilögreglumaðurinn og aðstandendur fórnarlambanna eru þeir sem stafar ógn af glæpnum en geta sjálfir lítið í því gert (Keene, 1999). Sé miðað við þessar skilgreiningar er því hreint ekki úr vegi að líta á þessar bækur sem glæpasögur eða leynilögreglusögur, þó vissulega séu þær skrifaðar fyrir börn og því ólíkar hefðbundnum sögum af þeirri tegund.

4. Börn fullorðnum fremri

4.1 Snjöllu ungmennin

Þó ýmislegt sé ólíkt með þeim bókaflokkum sem hér eru til umræðu þá er eitt sem þeir eiga allir sameiginlegt. Aðalpersónur bókanna eru allar ungmenni sem verða að teljast klárari og hugvitssamari en hinn almenni unglingur. Þó að persónur í bókum Enid Blyton séu heldur yngri en Nancy Drew eða Hardý bræður þá eru þau öll einstaklega sniðug, klár og úrræðagóð.

Í *Fimmbókunum* og *Dularfullu bókunum* kemur nokkuð skýrt fram að börnunum, aðalsöguhetjum bókanna, finnst þau oftast en ekki betur í stakk búin en lögreglan til að leysa úr hinum ýmsu málum. Þó að einhver yfirvöld komi alltaf við sögu, til dæmis til að handtaka glæpamennina í lok bókanna, þá finnst börnunum albest ef þau fá tækifæri til að brjóta heilann og leysa málin upp á eigin spýtur. Þessi hugmynd er þó aðeins öðruvísi í *Ævintýrabókunum*, en þar má segja að börnin séu heldur hógværi. Þó að þau börn lendi jafnan í ævintýrum ein og óstudd virðist þeim alltaf finnast ákjósanlegast að einhverjir fullorðnir séu með í spilinum þegar hætta steðjar að (Blyton, 2006, bls. 186).

4.2 Viðhorf til yfirvalda

Þær sögur sem hér hefur verið fjallað um eiga það sameiginlegt að einhvers konar yfirvöld leika þar alltaf eitthvert hlutverk, þó misstórt eftir því um hvaða bókaseríu er að ræða. Það viðhorf til þessara yfirvalda sem virðist vera nokkuð gegnumgangandi í sögunum er, þó að það sé ekki endilega sagt beinum orðum, að söguhetjum finnst þær heldur klárari en lögreglumennirnir sem koma við sögu. Einstaka sinnum ber á hreinni vanvirðingu í garð yfirvalda en er það þó hvergi eins áberandi og í *Dularfullu bókunum* Enid Blyton.

4.2.1 Vanhæfi lögregluþjónninn

Jensk lögreglufulltrúi er æðsta birtingarmynd yfirvalds sem jafnan kemur fram í bókunum um fimmmeningana og Snata. Börnin hafa miklar mætur á honum og virða hann mikils en sú virðing er líka gagnkvæm þar sem börnin reynast lögreglufulltrúanum gjarnan afar gagnleg þegar kemur að því að leysa flókin sakamál (Blyton, 1967, bls. 6). Þó að Jenskjótí virðingar barnanna þá er ekki þar með sagt að þannig sé viðhorf þeirra til yfirvalda almennt. Lögregluþjónn bæjarins, Gunnar, gegnir mun stærra hlutverki í sögunum en Jenskj, en honum hafa börnin ekki miklar mætur á. Þau tala niðrandi um Gunnar og leggja sig jafnvel fram við að gera honum lífið leitt. Sú mynd sem máluð er upp af Gunnari er síður en svo til að vekja traust á þessum laganna verði og oft er minnst á það að börnin, þá sérstaklega Finnur, séu mun

klárari en hann. Þegar kemur að því að dulbúast kemst Gunnar ekki með tærnar þar sem Finnur hefur hælana og sjá börnin jafnan strax í gegnum gervi Gunnars þó þau þekki ekki góðvin sinn Finn þegar hann er kominn í eitthvert af fjölmörgum gervum sínum. Einnig undrast börnin stórlega þegar Gunnar fær sömu hugdettur og þau, eins og hann eigi ekki að vera fær um sömu hugvitssemi og börn í kring um tíu ára aldurinn (Blyton, 1967, bls. 74-78).

Þessi indælu og kurteisu börn sem fjallað er um í bókunum fá því allt annað hlutverk þegar kemur að samskiptum þeirra við Gunnar lögregluþjón. Þau hæðast að Gunnari fyrir það eitt að reyna að vinna vinnuna sína og þreystast ekki á að skemmta sér við það að rifja upp ófarir lögregluþjónsins og hvernig þau hafa strítt honum, gert lítið úr honum og leikið á hann. Ef um jafnaldra barnanna væri að ræða en ekki fullvaxinn karlmann myndi strax skjóta upp kollinum ákveðið hugtak sem nota mætti yfir samskipti þessara persóna, og það er einfaldlega einelti. Snilligáfa hinna ungu og sjálfskipuðu lögreglumanna er undirstrikuð á kostnað Gunnars og úr verður að þessar bækur Blyton sýna ekki aðeins gífurleg vanvirðingu heldur hreint og beint einelti.

Þó að inn á milli megi glitta í vanvirðingu í garð yfirvalda í bókunum þá enda þær þó jafnan á því að börnunum er hrósað í hástert fyrir afrek sín og er það venjulega einhvern fulltrúi yfirvaldsins sem gerir það. Það er því ekki hægt að segja að börnin virði ekki yfirvöld almennt, það virðist einskorðað við aumingja Gunnar.

4.2.2 Yfirvöld í virðingarstöðu

Dularfullu bækurnar eru einu bækur Enid Blyton þar sem ein af aðalpersónunum er laganna vörður. Í hinum bókaflokkunum koma vissulega alltaf fyrir einhvers konar yfirvöld, en þar er venjulega ekki um stórar sögupersónur að ræða sem koma fyrir oftast en einu sinni. Villi vinur barnanna í *Ævintýrabókunum* er lögreglumaður en hann kemur ekki fyrir í öllum bókunum og er auk þess mun frekar lýst sem einhvers konar föðurmynd fyrir krakkana heldur en yfirvaldi. Það má því segja að hrein og bein vanvirðing í garð yfirvalda sé einsdæmi í *Dularfullu bókunum*, en hins vegar má greina þá hugmynd í öllum bókunum að börnin eða unglíngarnir séu alltaf heldur klárari en hinir fullorðnu laganna verðir. Söguhetjur virðast oftast vel færar um að leysa sjálfar úr flóknustu sakamálum, og það er oftast ekki fyrr en í lok sagnanna, þegar þarf til dæmis að koma glæpamönnum bak við lás og slá, sem þörf er á utanaðkomandi aðstoð.

Dæmi um þetta má sjá í *Ævintýraeyjunni*, þar sem börnin fjögur kynnast Villa, sem þeim líkar ákaflega vel við. Hann verður mikill vinur þeirra en það er ekki fyrr en í lok sögunnar sem þau komast að því að hann er hátt settur lögreglumaður. Þá fyrst, þegar börnin telja sig

hafa leyst málið, koma til sögunnar alvöru lögreglumenn sem losa þau við glæpamennina sem farnir voru að gera þeim lífið leitt. Í þessari sögu ber ekki á neinni vanvirðingu í garð yfirvalda, heldur þvert á móti þar sem börnin dást jafnvel enn meira að Villa þegar þau komast að því hver hann er í raun og veru (Blyton, 2006, bls. 189).

Nancy Drew og Hardý bræður eiga öll feður sem gegna stöðu einhvers yfirvalds. Fenton Hardý var sjálfur lögreglumaður og Carson Drew er lögmaður. Ljóst er í bókunum að börnin bera afar mikla virðingu fyrir feðrum sínum og þeir hafa kennt þeim að virða aðra sem eru í svipaðri stöðu. Þrátt fyrir að börnin séu sannfærð um eigin yfirburði glittir líka í einhvers konar virðingu fyrir þeim sem eru hærra settir og þau eru þannig holl þeirri stéttaskiptingu sem bókaflökkarnir hafa verið gagnrýndir fyrir að staðfesta.

4.3. Sjálfstæðu ungmennin

Söguhetjur allra þeirra bókaflokka sem hér eru teknir fyrir verða að teljast nokkuð sjálfstæðar miðað við ungan aldur. Nancy Drew og Hardý bræður fara oft í langferðir ein síns liðs eða með vinum sínum til að leysa úr flóknum málum og börnin í bókum Enid Blyton, sem eru heldur yngri, virðast svo gott sem eftirlitslaus heilu dagana þó þau þurfi að vísu oftast að mæta heim til sín á kvöldin.

Lesendur bókanna um Nancy Drew og Hardý bræður sameinuðust í aðdáun á þessum söguhetjum sem lifðu því lífi sem allir á þessum aldri þráðu. Sjálfstæðir, öflugir og snjallir unglingar sem láta ekkert stoppa sig. Hugrekki Hardý bræðra og sjálfstraust Nancyar gáfu lesendum von um að þau gætu líka verið eins og þau, risið upp úr gráma hversdagsleikans og gert eitthvað nýtt og spennandi (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 31).

Það sem að heillar lesendur þó jafnvel enn meira en það sem Nancy, Frank og Jói gera í sögunum, er það sem þau gera einmitt ekki í sögunum. Aldrei er minnst á að unglíngarnir þurfi að vaska upp, þvo þvott eða hjálpa til með nokkuð annað sem ungmenni eru gjarnan skikkuð til að gera heima við. Frank og Jói eru hinir fullkomnu bræður, það virðist aldrei nokkurn tíma hlaupa snurða á þráðinn milli þeirra og Nancy Drew efast aldrei um eigin getu eða ágæti. Þó þetta séu líklega allt eiginleikar sem flest ungmenni þrá að búa yfir verður að viðurkennast að þessar persónur eru ekki sérlega raunhæfir unglingar þegar allt kemur til alls (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 32).

Í barnabókum Enid Blyton er sú hugmynd nokkuð ríkjandi að börn geti gert allt. Til þess að það gangi upp verða hinir fullorðnu þó að verða sem minnst á vegi þeirra, foreldrar eða aðrir mega ekki standa í vegi fyrir börnunum þegar kemur að því að halda í spennandi ævintýri

eða leysa flókin sakamál (Ármann Jakobsson, 2005, bls. 230). Blyton tekst á merkilegan hátt að gera það nokkuð eðlilegt í augum lesenda að börn um og yfir tíu ára ráði sér að miklu leyti sjálf í skólafríum og hin fimm fræknu fá til dæmis í einni sögunni að fara ein og eftirlitslaus í margra daga hjólaferð og útilegu. Börnin eru augljóslega spennt fyrir því að fá að ráða sér sjálf, matmálstímum, gistingu og síðast en ekki síst háttatíma. Útilegan stefnir í að vera algjört eftirlitslaust frelsi og það er afar eftirsóknarvert í augun barnanna (Blyton, 1963). Ekki er víst að allir lesendur hafi fengið svo mikið traust eða slaka frá foreldrum sínum og hafa því líklega margir verið heldur öfundsjúkir við lesturinn.

5. Vinsældir

5.1 Með puttann á púlsinum

Bækurnar sem hér hefur verið fjallað um eru allar hugarsmíð annað hvort Edwards Stratemeyer eða Enid Blyton. Þessir höfundar gerðu sér báðir grein fyrir því hvað það var sem börn vildu helst lesa um og hvað það var sem fékk þau til að sækja aftur og aftur í sömu bókaseríurnar. Hugmyndir Stratemeyers að bókunum um Nancy Drew og Hardý bræður komu fyrst og fremst til vegna aukins áhuga Bandaríkjamanna á glæpum almennt en árið 1927 fór að bera á sérstaklega miklum vinsældum bókaflökks sem fékk nafnið „leynilögreglusögur“. Stratemeyer sá að þessari þróun þyrfti að fylgja eftir og hafði orð á því að drengir gætu haft alveg jafn mikinn áhuga á leynilögreglusögum og hinir fullorðnu. Honum virðist því fyrst um sinni ekki hafa komið til hugar að stúlkur gætu haft gaman af sögum af þessu tagi, enda var líklega frekar ætlast til að þær læsu um saumaskap og eldamennsku, eða þá ástarsögur, en ekki lausn sakamála (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 18,28). Árið 1929, aðeins tveimur árum eftir að Stratemeyer fékk hugmyndina að því að framleiða leynilögreglusögur fyrir drengi, fékk hann þó nýja hugmynd. Bækurnar um Hardý bræður höfðu notið afar mikilla vinsælda og því fannst honum ekki úr vegi að gefa út álíka bækur fyrir stúlkur. Það var þannig sem hin sextán ára leynilögreglukona Nancy Drew varð til (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 20).

Fáum höfundum hefur tekist eins vel upp þegar kemur að bókaseríum fyrir börn og á sínum tíma komust fáir með tærnar þar sem Stratemeyer samtökin höfðu hælana. Það sama má segja um Enid Blyton, en hún er einhver afkastamesti barnabókahöfundur sem uppi hefur verið. Hún samdi yfir 600 bækur á rithöfundarferli sínum þó hún hafi starfað við ýmislegt annað líka og þegar best lét samdi hún heila barnabók á viku (Ármann Jakobsson, 2005, bls. 214). Bækur hennar voru ekki aðeins gefnar út á flestum Evrópumálum, heldur líka á swahili, hebresku og indónesísku svo eitthvað sé nefnt, og því má með sanni segja að hún hafi notið vinsælda um allan heim (Rudd, 2010, bls. 262).

Bækur Stratemeyers samtakanna höfðu það fram yfir bækur Enid Blyton að nýjar bækur gátu haldið áfram að koma út að Stratemeyer sjálfum látnum. Hann stofnaði samtökin einmitt til að geta haft fjöldann allan af rithöfundum í vinnu við að skrifa sögur í kring um þær persónur sem hann skapaði og eftir þeim reglum sem hann setti. Allar sögur Stratemeyer samtakanna eru gefnar úr undir höfundarnafni en ekki raunverulegum nöfnum höfundanna, með öðrum orðum eru það svokallaðir leigupennar sem skrifa sögurnar. Stratemeyer áttaði sig nefnilega á því að ef sögurnar væru skrifaðar undir dulnefni þá gætu þær lifað mun lengur sem ein heild. Rithöfundarnir sjálfir komu og fóru en með þessu móti var hægt að skapa þá blekkingu að einn

og sami höfundurinn skrifaði heilu bókaseríurnar þegar raunin er sú að mörg nöfn lágu þar að baki (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 15). Þetta gæti vel verið ein af ástæðunum fyrir vinsældum þessara bóka, þ.e. „höfundarnir“ sköpuðu sér nafn og menn héldu því áfram að kaupa nýjar bækur í seríunum sem virtust alltaf vera eftir sama höfundinn.

5.2 Hugmyndafræði sem vekur vinsældir

Þau Nancy Drew, Frank og Jói eru heldur eldri en þau börn sem Enid Blyton skrifar um og því gilda aðrar reglur fyrir þau. Unglingarnir eru fremur sjálfstæðir, taka sjálfstæðar ákvarðanir og fara sínar eigin leiðir, og eins og Dagný Kristjánsdóttir orðaði það: „[...] settu þeim fullorðnu reglurnar en ekki öfugt.“ (Dagný Kristjánsdóttir, 2000). Þetta sjónarmið hefur líklega einmitt verið heldur betur vinsælt í augum ungmenna, foreldrarnir eru fjarlægir og enginn til að segja söguhetjum fyrir verkum, þær ráða sér sjálfar. Það er ekki fyrir tilstilli foreldranna eða vísdomsorða þeirra sem glæpirnir leysast, heldur eru það ungmennin sjálf og hyggjuvit þeirra sem sér til þess að komið er upp um glæpamenn og sakamál leyst hvað eftir annað.

Hér hefur verið rætt sérstaklega um snilligáfu aðalpersóna þessara bókasería og það virðist nokkuð ljóst að allir þeir eftirsóknarverðu eiginleikar sem tileinkaðir voru persónunum urðu til þess að afla þeim enn meiri vinsælda en ella. Sú hugmynd að börnin séu oftast en ekki snjallari en meira að segja lögreglan hefur líklega haft sitt að segja hvað vinsældirnar varðar, lesendum hefur fundist það skemmtileg tilhugsun að venjuleg börn í sumarleyfi gætu haft vitsmunalega yfirburði yfir laganna verði. Sú staðreynd að börnin eru alltaf einu skrefi á undan þeim fullorðnu hefur því greinilega átt þátt í að afla þeim þeirra vinsælda sem þær hafa notið í gegnum árin.

6. Mótmælaraddir og álitamál

6.1 Gagnrýni á bókmenntagreinina

Segja má með nokkurri fullvissu að engin bókmenntagrein hafi hlotið svo ljúfan hljómgrunn að hún hafi sloppið alveg við gagnrýni. Þó að bækur af því tagi sem hér hefur verið fjallað um hafi notið gríðarlegra vinsælda meðal barna og unglinga um allan heim, þá eru ekki allir sem hafa jafn miklar mætur á slíkum bókmenntum. Árið 1953 birtist í októberhefti tímaritsins *Helgafell* greinin *Löng er leiðin frá Benedikt á Auðnum til Benna í leyniþjónustunni*. Greinin var nafnlaus í tímaritinu en einhverjir telja þó að höfundur hennar hafi verið sagnfræðingurinn Sverrir Kristjánsson (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981, bls. 274).

Höfundur greinarinnar talar um myndskreytt tímarit og hasarblöð sem ungmenni hans samtíma sóttu svo mikið í en vandar því bókmenntaformi ekki kveðjuna: „Þessi tegund „bókmennta“ kallast „comics“ í Bandaríkjunum og hafa náð óhugnanlegri útbreiðslu.“ (*Löng er leiðin frá Benedikt á Auðnum til Benna í leyniþjónustunni*, 1953, bls. 69-70). Þörf höfundar til að setja gæsalappir utan um orðið *bókmennta* í þessu samhengi sýnir ein og sér ágætlega vel hvaða skoðun hann hefur á efninu.

Höfundur snýr talinu næst að bókum sem fella mætti undir flokkinn glæpasögur fyrir börn, en það eru annars vegar *Bennabækurnar* eftir W.E. Johns og *Bækurnar um Beverly Gray* eftir C. Blank. Þessar bækur ber hann saman við hasarblöðin umtöluðu, sem honum finnst að efninu til afar keimlík. Hann fjallar um *Benna* og *Beverly Gray* út frá eins konar ofurhetjusjónarmiði, ekkert virðist bíta á söguhetjum og þær virðast ekki hræðast nokkurn skapaðan hlut. Þetta þykir höfundi heldur óraunveruleg persónusköpun. Honum finnst þessar ósigrandi unglingspersónur sem klófesta glæpona og lenda í hverri svaðilförinni á eftir annarri tilgerðarlegar og óspennandi og virðist ekki þykja ástæða til að skafa nokkuð utan af skoðunum sínum í umfjölluninni. Hann telur þessar vinsælu persónur ekki vera góðar fyrirmyndir fyrir æskuna, honum þykir bækur sem þessar ekki halda sérlega góðum siðum að ungu fólk og hegðun sögupersóna er að hans mati síður en svo til eftirbreytni. Minna fer fyrir rökstuðningi höfundar á þessum fullyrðingum, enda getur verið að hann noti nafnleyndina til að setja óhindrað fram skoðanir sínar án þess að eiga á hættu að vera inntur eftir frekari útskýringum síðar (*Löng er leiðin frá Benedikt á Auðnum til Benna í leyniþjónustunni*, 1953, bls. 69-71).

Fimm árum eftir að hinn nafnlausi höfundur skrifaði greinina í *Helgafell*, skrifaði rithöfundurinn Stefán Jónsson grein í afmælisrit Kennaraháskóla Íslands þar sem hann fjallaði um svipað efni og sá fyrirnefndi. Stefán ræðir í grein sinni um það að engar kröfur séu gerðar um bókmenntalegt gildi barnabóka og þykir það greinilega miður. Hann virðist ekki hafa

sérlega miklar mætur á þeim barnabókum sem einungis er ætlað að skemmta lesendum, flestar þeirra sagna segir hann vera þýddar og telur þær vera afar neikvæðar hvað varðar siðrænan boðskap. Þær sýna að hans mati skakka og brenglaða mynd af raunveruleika mannlegrar tilveru og hann segir jafnframt að „[...] séu nokkrar bækur siðspillandi, eru það þær, sem hér um ræðir.“ (Stefán Jónsson, 1972, bls. 79). Reyndar virðist sú skoðun hafa verið ríkjandi meðal ýmissa fræðimanna á þessum tíma að efni af þessu tagi, sérstaklega þýddar barnabækur, væru einfaldlega vondar bókmenntir. Að þeirra mati sýndu höfundar og þýðendur börnum hreinlega vanvirðingu með því að matreiða ofan í þau slíkt sorp, sem ekki ætti að sjást í hillum bókasafna eða í skólastofum (Dagný Kristjánsdóttir, 2006, bls. 570).

Stefán eyðir heldur meira púðri í rökstuðning máls síns en skoðanabróðir hans sem skrifaði í *Helgafell* fimm árum áður. Þá gríðarlegu upphafningu hetjunnar sem viðgengst í sögum sem þessum, sem og tillitsleysið sem umrædd hetja kemst upp með að sýna andstæðingum sínum, telur Stefán ekki vera æskilegt umfjöllunarefni barnabóka. Lesendur samsama sig gjarnan aðalpersónu sögunnar og virðist Stefáni finnast það beinlínis hættulegt að tileinka persónum þá eiginleika sem svo gjarnan er gert í bókum af þessu tagi. Hann gengur jafnvel svo langt að segja höfunda þessara sagna eiga heima bak við lás og slá ekki síður en forhertustu glæpamenn (Stefán Jónsson, 1972, bls. 75-80).

Þó að þessir gagnrýnendur hafi ekki minnst sérstaklega á neina þeirra bóka sem hér eru til umfjöllunar eða þýðendur þeirra, þá má samt sem áður segja að hægt sé að heimfæra umfjöllunina á þær. Þessi umræða fellur vel að hinum ósigrandi ungmennum sem sagt er frá í bókum Blyton og Stratmeyers og því góð ástæða til að íhuga efni þeirra bóka út frá gagnrýni þessara manna.

Vegna þess hve vinsælar þessar bækur voru er hægt er að ímynda sér að þær, og aðrar bækur af sama tagi, hafi átt stóran þátt í að þróa lestraráhuga margra ungmenna í gegnum árin. Þegar litið er til þess er því hægt að segja að þær hafi þjónað mjög mikilvægum tilgangi. Þó eru tvær hliðar á öllum málum og hafa einhverjir velt fyrir sér ákveðnum álitamálum þegar kemur að bókum af þessu tagi. Spurningin sem fyrst og fremst hefur sprottið upp er sú hvort að glæpasögur séu æskilegt lesefni fyrir börn. Einnig hefur sú hugmyndafræði sem sumar bókanna eru taldar miðla hlotið mikla gagnrýni og hefur Enid Blyton verið einn helsti skotsþóinninn þar. Bækur hennar hafa meðal annars verið taldar miðla heldur stöðluðum kynhlutverkum, áberandi stéttamun og kynþáttahatri (Ármann Jakobsson, 2005, bls. 214).

Umfjöllunin um verk Enid Blyton var fyrstu árin afar jákvæð og það var í raun ekki fyrr en undir lok fimmta áratugarins sem fór að bera á neikvæðri gangrýni á verk hennar. Þrátt fyrir þetta var ekkert lát á vinsældum Blyton og bækur hennar héldu áfram að seljast eins og heitar

lummur. Jafnvel þegar gagnrýnin gekk svo langt að einhverjir vildu fjarlægja bækur hennar úr skólum, bókasöfnum og heimilum, héldu bækurnar áfram að vera gríðarlega vinsælar (Rudd, 2009, bls. 171). Eins var það með bækur Stratemeyers um Nancy Drew og Hardý bræður, þó að einhver gagnrýni hafi sprottið upp um miðbik síðustu aldar þá héldu þessar geysivinsælu sögur alltaf velli og ungt fólk hélt áfram að sækja í bækurnar (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 130).

6.2 Kynþáttafordómar

Glæpamennirnir í þessum bókum eru nokkuð oft útlendingar og raunar má segja að ef sagt er frá persónum í bókunum sem eru af erlendu bergi brotnar þá eru þær eitthvað vafasamar, ef ekki stórhættulegir glæpamenn. Þetta viðhorf er sérstaklega áberandi í bókum Enid Blyton og hægt er að nefna ýmis dæmi því til stuðnings.

Ein þeirra bóka þar sem þetta viðhorf kemur nokkuð sterkt fram er fyrsta *Ævintýrabókin*, *Ævintýraeyjan*. Ein persóna bókarinnar er Jói, vinnumaður á Sæhömrum, þar sem þau Finnur og Dísu búa með frænda sínum og frænku. Honum er lýst á þennan hátt: „Hörund hans var kolsvart, tennurnar skjannahvítar og hann ranghvolfdi augunum einkennilega.“ (Blyton, 2006, bls. 26). Lesendur fá þá hugmynd um Jóa að hann sé afar fúllyndur, hjátrúarfullur og hafi gaman af að hræða börnin (Blyton, 2006, bls. 40). Hann er jafnan kallaður „svertinginn“ eða „blökkumaðurinn“, þó löngu sé búið að kynna hann til sögu og lýsa honum, og lesendur viti væntanlega allir hver hann er. Börnin gleðjast yfir óförum hans og finnst fátt skemmtilegra en þegar hann gerir eitthvað vitlaust og fær skömm í hattinn (Blyton, 2006, bls. 59). Oft er Jói ekki einu sinni nafngreindur, en þá er ekki látið nægja að segja „þjónninn“, heldur „svarti þjónninn“ og höfundur virðist greinilega hafa þörf fyrir að vera sífellt að minnast á litarhaft mannsins (Blyton, 2006, bls. 77-78). Börnin hafa megna andúð á Jóa og þó það sé vissulega fyrst og fremst vegna þess hve illa hann kemur fram við þau, þá breytir það því ekki að hann er eini blökkumaðurinn í sögunni og við hann er aðeins tengd neikvæð umfjöllun. Upplifun lesenda á blökkumönnum í þessari bók er því vægast sagt slæm. Það kemur svo að sjálfsögðu á daginn að auk þess að vera viðskotailur og leiðinlegur, þá er Jói glæpamaður. Hann reynist vera mun grimmari en börnin hefðu getað ímyndað sér og virðist ekki víla það fyrir sér að koma drengjunum og Villa vini þeirra fyrir kattarnef þegar þeir standa í vegi fyrir áætlun hans (Blyton, 2006, bls. 195).

Erfitt er að alhæfa um þessi mál eins og svo mörg önnur og í Nancy Drew bókunum birtist stundum jákvætt viðhorf gagnvart innflytjendum eða erlendu fólki almennt. Þessar

persónur eru þó alla jafna fremur lágt settar, þó að Nancy líki oftast vel við þær og komi vel fram við þær. Í *Draugahúsinu* dettur Nancy í hug áætlun til að rannsaka dularfullt mál, en til þess þarf hún einhvern sem er ekki alþekktur í bænum til að hjálpa sér. „Þegar þrír dagar voru liðnir fékk Nancy þvottakonuna þeirra, sem var svertingi, til þess að spyrja um bréfið.“ (Keene, 1999, bls. 38). Það skiptir engu máli fyrir aðstæður eða framgang sögunnar að konan sé svört, samt er minnst á það sérstaklega. Þvottakonan, sem aldrei er nefnd á nafn, er eina svarta persónan í bókinni og hún er að sjálfsögðu í þjónustustarfi hjá fjölskyldu Nancyar. Ólíkt því viðhorfi sem kemur fram gagnvart Jóa í *Ævintýraeyjunni* er þó talað á afar jákvæðan hátt um þvottakonu Drew fjölskyldunnar. Hún stendur sig vel, hún er kölluð „hin góða kona“ og Nancy þakkar henni innilega fyrir hjálpina (Keene, 1999, bls. 38). Það verður því að viðurkennast að umfjöllunin um þvottakonuna er síður en svo neikvæð.

Þó að hægt sé að benda á sögur um Nancy Drew þar sem kemur fram nokkuð jákvætt viðhorf til útlendinga, þá sluppu bækur Stratemyers síður en svo við gagnrýni af sama tagi og Blyton fékk á sig í svo miklu mæli. Líkt og með bækur Blyton voru það fullorðnir sem tóku að gagnrýna bækurnar fyrir það hvernig komið var fram við minnihlutahópa í þeim, og raunar við alla sem ekki voru hluti af hinni hvítu millistétt sem annars er í brennidepli í sögunum. Sérstaklega var bent á að fjallað væri um svertingja af mikilli lítilsvirðingu en raunin er þó sú að samfélagið var gegnsýrt af slíkum viðhorfum. Árið 1924, þremur árum áður en fyrsta bókin um Hardý bræður kom út, töldu meðlimir Ku Klux Klan hreyfingarinnar í Bandaríkjunum um fjórar milljónir og svipað var uppi á teningnum þegar Nancy Drew kom fyrst út. Þá var einnig í gangi afar vinsæll útvarpsþáttur í Bandaríkjunum þar sem ítrekað var gert lítið úr blökkumönnum og grínið snerist fyrst og fremst um þá. Þátturinn grundvallaðist raunar á því að hlustendur litu niður á svertingja og að þeir væru hvítum óæðri á allan hátt (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 115-116).

Það er þó ekki aðeins orðræðan um erlent fólk sem hefur þótt umdeilanleg í þessum sögum. Margir foreldrar og forráðamenn lesenda hafa velt því fyrir sér hvort að þessar bækur, sem segja frá óttalausum börnum sem vaða út í hverja háskaförina á efir annarri, hvetji hreinlega til glæfralegrar hegðunar hjá þeim börnum þeirra.

6.3 Glæfraleg hegðun

Þó að söguhetjum bókanna takist á einhvern undraverðan hátt að losna úr öllum þeim ógöngum og vandræðum sem þær koma sér í þá breytir það ekki þeirri staðreynd að þær eru bara börn og unglingar. Það verður því að teljast heldur áhættusamt þegar börnin komast til dæmis í kast

við hættulega glæpamenn, hljóta barsmíðar fyrir og jafnvel morðhótanir. Lesendur bókanna gætu þó túlkað umfjöllunina sem svo að söguhetjur séu hreinlega óstöðvandi þrátt fyrir ungan aldur, og jafnvel að þeir sjálfir gætu þá verið það líka. Einhverjir hafa því velt fyrir sér hvort að sögur af þessu tagi hvetji til óvarkárrar hegðunar hjá börnum með því að segja frá hinum ýmsu ógöngum sem börnin lenda í en komast alltaf ósködduð frá aftur, að því er virðist alveg án afleiðinga. Nokkur munur er þó á þeim glæpum sem sagt er frá annars vegar í bókum Enid Blyton og hins vegar í þeim bókum sem upprunnar eru frá Stratemeyer. Í bókunum um Nancy Drew og Hardy bræður er sagt frá eldri persónum og því mega glæpirnir sem fjallað er um þar vera alvarlegri en þeir sem börn Enid Blyton fást við. Þar er líka meira um ofbeldi og það er alvarlegra, enda er almenna skoðunin sú að bækur sem skrifaðar eru fyrir yngri börn megi ekki ganga of langt í þeim efnum (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2005, bls. 106-109).

Ljóst er að oft er foreldrum barnanna ekki um það að þau séu að skipta sér af dularfullum og hættulegum málum. Lára Hardy virðist hreint ekki alltaf vera ánægð með svaðilfarirnar sem synir hennar láta flækja sig í, en faðir þeirra er hins vegar stoltur af drengjunum og hvetur þá frekar til dáða þó hann áminni þá alltaf um að hafa varann á. Fanney, móðir Georgs, sýnir einnig oft áhyggjur af hinum fimm fræknu og því hve mikið þau eru ein, en maður hennar gerir lítið úr þeim áhyggjum og segir börnin vel geta spjarað sig. Það virðast því fyrst og fremst vera þær konur sem eru í einhvers konar móðurhlutverki í bókunum, sem láta í ljós áhyggjur sínar af börnunum og gjörðum þeirra. Börnin virðast þó láta það sem vind um eyru þjóta því alltaf tekst þeim að koma sér í einhvers konar hættu.

Börn á þeim aldri sem þessar bækur eru miðaðar við geta verið afar áhrifagjörn. Silja Aðalsteinsdóttir segir í *Raddir Barnabókanna*: „Börn læra af öllu sem fyrir þeim er haft og þess vegna er afar freistandi að nota skemmtiefni til að kenna þeim, m.a. góða siði og rétta hegðun.“ (Silja Aðalsteinsdóttir, 2005, bls. 80). Ef þetta er staðreyndin þá hlýtur að geta verið að skemmtiefni kenni börnum líka ýmislegt annað en bara góða siði og rétta hegðun. Ef börn læra af því sem fyrir þeim er haft þá læra þau líka af umdeilanlegum hugmyndum og sjónarmiðum sem fram koma í bókunum. Vissulega er ýmislegt jákvætt hægt að læra af þeim og gjörðir sögupersóna geta til dæmis vel hvatt til aukinnar rökhugsunar eða góðrar hegðunar, auk þess sem börn lesa um afar sterk tryggðarbönd milli vina í þessum bókum. Hins vegar kemur líka fram í þeim ýmislegt sem foreldrar geta varla talið æskileg fordæmi þó að börnunum finnist það afar spennandi og áhugavert.

6.4 Hlutverk kynjanna

Þó að ýmislegt misfallegt hafi verið sagt um bækur Enid Blyton í gegnum tíðina þá má hún eiga það að hún skrifaði að minnsta kosti bækur sem ætlaðar voru bæði fyrir stráka og stelpur. Í *Æskunni* árið 1962 segir: „Allar eru bækur Enid Blyton eru prýddar fjölda mynda. Og reynslan sýnir, að þær eru jafnt að skapi drengja og telpna.“ (Jólabækur, 1962). Hins vegar er nokkuð ljóst að bækurnar um Hardý Bræður voru eingöngu ætlaðar drengjum til aflestrar, enda stendur „drengjasaga“ fremst í fyrstu útgáfum þeirra (Dixon, 1971). Nancy Drew átti aftur á móti frekar að höfða til stúlkna þó að ekki séu leiðbeiningar í þeim bókum um að þær séu sérstaklega ætlaðar stúlkum. Blyton skrifaði því fyrir mun breiðari lesendahóp á þessum tíma þar sem bækur fyrir stráka og stelpur voru sérstaklega aðgreindar, og strákar gátu meira að segja, þvert á væntingar samfélagsins, haft gaman af þeim kvenpersónum sem hún skapaði (Rudd, 1995, bls. 194). Söguhetjur hennar eru barnahópar sem samanstanda af börnum á mismunandi aldri og af báðum kynjum og því er eðlilegt að lesendahópurinn endurspegli þá fjölbreytni. Í fyrstu *Fimmbókunum* sem gefnar voru út á frummálinu stendur meira að segja „An Adventure Story for Boys and Girls“, eða „Ævintýrasögur fyrir stráka og stelpur“ (Rudd, 2010, bls. 261).

Þó að Blyton hafi einsett sér að skrifa bæði fyrir stráka og stelpur og gera ekki upp á milli kynjanna þegar kom að markhópi fyrir bækur hennar, þá ber nokkuð á kynjamismunun í verkum hennar. Nokkuð langt er frá fyrstu útgáfu þeirra bóka sem hér eru til umræðu og þá var öldin vissulega önnur. Ýmsar hugmyndir varðandi hlutverk kynjanna sem sjá má í bókunum myndu því að öllum líkindum ekki standast ritskoðun í dag. Í *Fimmbókunum* kemur fram nokkuð greinileg skipting hvað þetta varðar en til dæmis er alveg ljóst að Kjartan faðir Georgs ræður mun meiru en Fanney móðir hennar. Þegar börnin biðja um að fara ein í hjólaferð list Fanneyju ekki á það en Kjartan segir að þau geti vel farið og þar með er sú ákvörðun tekin (Blyton, 1963, bls. 8). Hvað samskipti innan barnahópsins varðar er líka ljóst að drengirnir ráða meiru en stelpurnar.

Þær hugmyndir sem miðlað er til lesenda um kyn og kyngervi í *Ævintýrabókunum* eru nokkurn veginn þær sömu og í *Fimmbókunum*. Ef eitthvað þarf að þrifa eða elda þá kemur það ávallt í hlut stúlkanna, en drengirnir eru látnir um erfiðisvinnuna. Jafnvel þegar aðeins er um að ræða þrif á herbergi drengjanna, er Dísu send í það (Blyton, 2006, bls. 36). Það kemur greinilega ekki til mála að drengirnir þrifi, það er kvenaverk. Þó að drengirnir séu vissulega eldri en stúlkurnar og því eðlilegt að þeir taki að sér erfiðari verk en þær þá er nokkuð ljóst að mjög ákveðin verkaskipting er á milli kynjanna (Ármann Jakobsson, 2005, bls. 221).

Sérstaklega hefur verið rætt um Önnu, yngstu persónu *Fimmbókanna*, í þessu samhengi. Það er fátt sem Önnu finnst skemmtilegra en að þrifa, elda, útbúa nesti og sjá almennt um að umhverfi fimmmeninganna sé sem heimilislegast, hvort sem þau eru stödd á gistiheimili eða í útilegu. Blyton hefur verið gagnrýnd fyrir að skrifa Önnu inn í afar staðlað form ungrar stúlku, og þó að Anna sé líklega eins „stelpuleg“ og hún er til að mynda skýra andstæðu við strákastelpuna Georg, þá er fas hennar og hegðun öll talin ýta undir óæskilegar staðalímyndir. Hins vegar virðist alveg gleymast í þeirri umræðu að taka það með í reikninginn að ungar stúlkur geti í raun og veru haft sömu skoðanir og Anna, hafi gaman af því að elda og þrifa, og „þykjast“ halda heimili, þó ekki sé nema að litlu leyti. Auk þess er vert að nefna að sú staðreynd að Anna fær hlutverk eins konar lítillar húsmóður í sögunum verður einmitt til þess að efla stöðu hennar innan hópsins. Í hennar augum er það hún sjálf sem er raunverulega við stjórnvölinn í litla hópnum þeirra. Þó að Júlli sé „viðurkenndur“ leiðtogi fimmmeninganna og taki til dæmis ákvörðun um hvenær matmálmáttimar þeirra eru, þá hikar Anna ekki við að skipa þeim að þvo sér um hendurnar áður en þau setjast til borðs og eftir því fara þau. Húsmóðurhlutverk hennar verður því ekki til að draga úr henni og stöðu hennar, heldur gefur það henni þvert á móti aukin völd, þegar hún myndi annars ekki hafa nein slík (Rudd, 1995, bls. 193).

Það er þó ekki aðeins verkaskiptingin sem er áberandi kynjamiðuð, heldur líka hugmyndin um það hvernig stelpur og strákar „eiga“ að haga sér. Dæmi um þetta má sjá þegar Jonni týnist í koparnámunni: „„Ef ég væri stelpa færi ég að skæla,“ sagði Jonni upphátt við sjálfan sig, en eitthvað, sem grunsamlega líktist tárur, erti augnlok hans. „En fyrst ég er strákur verð ég að brosa og bera mig mannalega.““ (Blyton, 2006, bls. 176). Einnig er hægt að minnst á Georg í þessu samhengi. Georg er sú persóna *Fimmbókanna* sem sýnir mestar tilfinningar og telur David Rudd það vera það sem greinir hana einna helst frá strákunum sem hún þráir þó svo sárlega að líkjast (Rudd, 1995, bls. 192). Þó að hún geri sitt besta til að vera hörð af sér og láta engan bilbug á sér sjá þegar hætta er á ferðum þá er Georg mjög tilfinningarík persóna. Hún grætur oft og lætur í ljós tilfinningar sínar þó að hún reyni alltaf að harka ef sér, en líklega eru það einmitt niðurbældar tilfinningar sem eru á ferðinni þegar flóðagáttirnar gefa síðan undan og hún brestur í grát (Rudd, 2000, bls. 118). Strákar mega sum sé alls ekki láta sjá að þeir séu hræddir eða líði illa, þeir eiga yfir höfuð ekki að sýna neinar tilfinningar. Raunar virðast þeir alls ekki mega hafa neinar tilfinningar yfir höfuð, hvað þá gráta, vegna þess að þegar Jonni er við það að bresta í grát þá er það einmitt vegna þess að hann er einn og yfirgefinn. Enginn er á svæðinu til að sjá hann gráta en samt getur hann ekki leyft sér það. Slíkt er hreinn aumingjaskapur og stelpurnar eiga alfarið að sjá um það. Af þessum sökum getur Georg aldrei

orðið almennilegur jafningi drengjanna, hún hefur ekki stjórn á tilfinningum sínum. Þessi sena myndi sennilega falla í sérstaklega grýttan jarðveg í dag, í samfélagi sem er sífellt meðvitaðara um þá staðreynd að karlmenn hafa líka tilfinningar og ættu því alveg að geta sýnt þær rétt eins og konur.

6.5 „Fjöldaframleiddar sorpbókmenntir“

Meðan gagnrýni á bækur Enid Blyton snerist fyrst og fremst um þann boðskap sem þær miðluðu til barna, hlutu bækur Stratemeyers auk þess gagnrýni fyrir bókmenntaformið sjálft. Allt fram á sjötta áratuginn reyndist erfitt að nálgast bækur um Hardy bræður og Nancy Drew á bókasöfnum, vegna þess að bókasafnsverðir og fullorðið fólk almennt töldu að börn ættu ekki að lesa slíkar „sorbókmenntir“. Þeim fannst fjöldaframleiddar bókaseríur eins og þessar einfaldlega vera sorp, og frekar ætti að hvetja börn til að lesa „alvöru“ bókmenntir. Bækur sem ætlaðar voru til skemmtunar en ekki menntunar voru í augum þeirra sem eldri voru hreint ekki æskilegt lesefni fyrir yngri kynslóðina. Margir töldu bækurnar um þessa sjálfstæðu unglinga auk þess hvetja til óhlýðni og annarrar óæskilegrar hegðunar eins og þegar hefur verið fjallað um. Gagnrýnin beindist sem sagt ekki aðeins að efni bókanna heldur í raun bókaseríum sem heild. Rauði þráðurinn í þessari gagnrýni var sá að formúlukenndur söguþráður og ferkantaðar persónur ættu ekki heima í lesefni ungs fólks og ekkert lát varð á þessari gagnrýni fyrr en mörgum árum síðar (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 125).

Upp úr 1960 var staðan þó orðin þannig í Bandaríkjunum, og raunar um allan heim, að börn voru farin að lesa sífellt minna, og bækur voru komnar í harða samkeppni við sjónvarpstæki og tölvuspil. Vegna þessarar stóru samfélagsbreytingar var ákveðið að reyna allt til að auka lestur barna, og þær bækur sem fram að þessu höfðu verið litnar hornauga á bókasöfnum og menntastofnunum voru nú teknar inn í stórum stíl. Börnum var þar með „leyft“ að lesa nákvæmlega það sem þau vildu, ef það bara fékk þau til að taka upp bók í stað þess að setjast fyrir framan skjá af einu eða öðru tagi (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 125; Dagný Kristjánsdóttir, 2006, bls. 570).

7. Bókunum til varnar

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og þó að umfjöllunin hafi fram að þessu snúið fyrst og fremst að því sem talist getur umdeilanlegt í bókunum er þó líka ýmislegt sem hægt er að tína til þeim til varnar. Margir telja bækur af þessu tagi miðla hugmyndafræði sem ekki er til eftirbreytni en sumt væri þó einmitt hægt að segja að væri gott fyrir börn að tileinka sér, að minnsta kosti að einhverju leyti.

7.1 Nancy Drew og Georgína – Femíníska hliðin

Hér framar kom fram að í kjölfar útgáfu bókanna um Hardý bræður ákvað Edward Stratemeyer að framleiða svipaðar bækur fyrir stúlkur. Honum virðist fyrst um sinn ekki hafa dottið í hug að stúlkur gætu haft gaman af bókum sem þessum og því er nokkuð sorglegt að hugsa til þess að hann hafi látist árið 1930, aðeins tveimur vikum eftir að fyrsta bókin um Nancy Drew kom út. Hann fékk því aldrei að sjá Nancy vaxa og dafna og verða söguhetju í einni af vinsælustu bókaseríum sinnar tegundar. Hann hefði líklega orðið heldur hissa á því að sjá að þessar leynilögreglusögur fyrir stúlkur, sem hann hafði heldur litla trú á í fyrstu, seldust í enn fleiri eintökum en sögurnar um Hardý bræður (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 24-27).

Það sem heillaði stúlkur líklega mest við Nancy var hversu ólík hún var hinum hefðbundnu kvenpersónum sem venjulega sáust í bókum fyrir þennan markhóp á þessum tíma. Hún er afar sjálfstæð og örugg með sig, hún virðist til dæmis aldrei hafa áhyggjur af yfirborðskenndum vandamálum eins og líkamsvexti sínum eða vinsældum meðal skólafélaganna, sem flestar stúlkur á hennar aldri myndu þó líklega kannast eitthvað við. Nancy þarf ekki á aðstoð karlmannna að halda þegar kemur að því að vinna „hefðbundin karlastörf“, hún er til dæmis fullfær um að gera sjálf við bílinn sinn og ekur honum hvert sem henni sýnist (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 44-45). Nancy virðist ekki eyða miklum tíma í að hugsa um stráka en hún á þó vin, Ned Nickerson, sem er í einhvers konar kærastahlutverki þó hann sé að nafninu til bara vinur hennar. Þó að Nancy taki Ned oft með sér í rannsóknarleiðangra eða annað þar sem hætta gæti verið á ferðum þá er alltaf ljóst að það er hún sem ræður ferðinni og tekur ákvarðanirnar. Nancy gengur þannig inn í það hlutverk sem venjulega er tileinkað karlmanninum í sambandi tveggja aðila af gagnstæðu kyni. Í *Draugahúsinu* tekst Nancy meira að segja að bjarga bæði sjálfri sér og Ned úr miklum háska þegar þau festast bæði í kviksyndi (Keene, 1999, bls. 47). Því fer sem sagt fjarri að Nancy sé á nokkurn hátt lík hinum ósjálfbjarga stúlkum sem áður hafði verið skrifað um og voru algjörlega háðar karlmönnum og aðstoð þeirra.

Þegar Nancy var ung lést móðir hennar og sjálfstæði hennar er líklega að miklu leyti

sprottið úr því að hún er móðurlaus og hefur þurft að taka að sér ýmiss konar ábyrgð sem undir eðlilegum kringumstæðum væri í verkahring móðurinnar. Með aukinni ábyrgð virðist hún þó líka öðlast meira frelsi og samband þeirra feðgina er þess eðlis að faðir hennar treystir henni oftast til þess að fara sínar eigin leiðir. Þó að hann hafi vissulega stundum áhyggjur af henni og lítist ekki sérlega vel á allt sem hún ákveður að taka sér fyrir hendur þá fær Nancy iðulega sínu framgengt (Katrín Jakobsdóttir, 2003, bls. 33). Þetta frelsi, sjálfstæði og staðfesta sem stúlkan býr yfir hvatti lesendur til dáða, boðskapurinn sem sögurnar miðla til stúlkna er að vera óhræddar, standa fast á sínu og átta sig á því að þær þurfa ekki endilega á karlmönnum að halda til að spjara sig.

Georg í *Fimmbókunum* er önnur persóna sem rís gegn hinu hefðbundna kvenhlutverki. Hún er þó ólík Nancy að því leytinu til að hún vill ekki vera stelpa, heldur strákur. Þess vegna lætur hún kalla sig Georg, klippir hárið stutt og klæðist drengjafötum. Segja má að hún sé ein af fyrstu „strákastelpum“ sem komu fram á sjónarsviðið, nokkurs konar klæðskiptingur og dýrmæt fyrirmynd stúlkna með sömu kenndir á eftirstríðsárunum. Nancy er aftur á móti afar kvenleg þó að hún geri ýmislegt sem venjulega myndi teljast óvenjulegt fyrir stúlkur í því samfélagi sem bækurnar gerast í. Georg er hugrökk stúlka og hagar sér hvorki né talar eins og Anna frænka hennar, þær eru í raun algjörar andstæður. Setningin „Ef þú rígheldur þér ekki saman, þá siga ég hundinum á þig.“ hljómar til dæmis mun frekar eins og hún komi frá heldur óhefluðum dreng, allavega í bókum sem þessum, en orðræða af þessu tagi er alls ekki svo óalgeng þegar Georg á í hlut (Blyton, 1963, bls. 139).

Nancy var meðal fyrstu kvenpersónanna sem þorðu að brjóta normið, rísa upp úr fyrir fram ákveðnum gildum sem allir kvenmenn áttu að uppfylla, og gera það sem hún villdi sjálf en ekki það sem ætlast var til af henni (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 22). Þó að Nancy og Georg séu heldur ólíkar persónur þá standa þær því fyrir svipuð sjónarmið, þær eru ekki eins og stelpur „eiga að vera“, heldur miðla þær þeim boðskap að maður geti verið nákvæmlega eins og maður kys helst sjálfur.

7.2 Sjálfstæðu börnin

Þó að hægt sé að ræða fram og til baka hversu skynsamlegt það sé fyrir börn og unglunga að flækjast ítrekað í mál hættulegra glæpamanna, þá verður að viðurkennast að sögupersónur þessara bóka láta sér aldrei leiðast. Börnin eru algjörlega sjálfum sér nóg þegar kemur að afþreyingu, þau sitja ekki heima og bíða eftir að einhver hafi ofan af fyrir þeim, heldur tekst þeim að þefa sjálf uppi ævintýrin og hasarinn sem þau lenda síðan í.

Vissulega er munur á Hardý bræðrum og Nancy Drew annars vegar og svo persónum í bókum Enid Blyton hins vegar, en þau fyrrnefndu sem eru heldur eldri leggja upp úr því að leysa flókin mál og hafa hendur í hári glæpamanna á meðan þau sem yngri eru lenda jafnan í ævintýrunum af hreinni tilviljun. Börnin sem fjallað er um eiga ekki að vera svo ólík venjulegum börnum þó þau búi vissulega yfir ýmsum sérstökum eiginleikum, svo sem að ná einstöku sambandi við dýr. Það má því lesa þau skilaboð úr sögunum að það sé aldrei að vita nema lesendur gætu sjálfir upplifað ævintýri eins og þau sem bækurnar segja frá (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981, bls. 274). Það geta í það minnsta talist ágætis skilaboð til ungra lesenda í nútímanum að þeir þurfi ekki alltaf stanslausa dagskrá, tölvuleiki eða sjónvarpsgláp til þess að hafa ofan af fyrir sér. Oft er nóg að fara einfaldlega út og leita uppi ævintýri og þó að litlar líkur séu kannski á því að börn nú til dags lendi í álíka ævintýrum og söguhetjurnar í bókum Enid Blyton, er ekkert sem segir að þau geti ekki látið á það reyna.

7.3 Ritstýrt ofbeldi

Nancy Drew og Hardý bræður eru líkt og áður hefur komið fram upprunalega hugarsmið rithöfundarins Edwards Stratemeyer. Stratemeyer var með marga rithöfunda á sínum snærum en setti þeim þó ákveðnar reglur til að fara eftir, bækurnar voru ætlaðar börnum og unglingum og Stratemeyer vildi vera viss um að efnið hentaði þeim lesendahópi. Þannig var persónum bókanna bannað að snertast eða kyssast og ef ofbeldi var nauðsynlegt mátti það ekki fara út fyrir þau mörk sem Stratemeyer setti sjálfur. Til að mynda voru sett takmörk fyrir því hversu oft hver og ein persóna mætti vera slegin í rot í hverri bók fyrir sig og raunar var það ekki oftast en einu sinni (Kismaric & Heiferman, 1998, bls. 15).

Það má því færa rök fyrir því að þó að vissulega sé eitthvað ofbeldi í flestum þessara bóka þá sé þannig búið um hnútana að það gangi aldrei fram af lesendum. Stratemeyer gerði sér grein fyrir því að hasarinn og ofbeldið sem óneitanlega fylgir honum oftast en ekki var eitthvað sem lesendahópur hans sótti í og því erfitt að sleppa því alveg. Því virðist hann hafa gripið til þess ráðs að „ritstýra“ ofbeldinu svo að það færi aldrei út fyrir velsæmismörk, að minnsta kosti það sem hann upplifði sjálfur sem velsæmismörk. Þar má því sjá ákveðna viðleitni til þess að fara milliveginn, skrifa bækur fyrir börn sem innihéldu hasar og ofbeldi en þó ekki svo mikið að það misbyði foreldrum og forráðamönnum.

7.4 David Rudd og hin misskilda Enid Blyton

Fáir barnabókahöfundar hafa sætt eins mikilli gagnrýni í gegnum tíðina og Enid Blyton. Hér hefur verið fjallað um að hverju sú gagnrýni beindist einna helst en þó eru tvær hliðar á öllum málum og því vel ástæða til þess að skoða líka hina hliðina á máli hennar. David Rudd er sá sem hefur fjallað hvað mest um þessa gagnrýni en hann hefur skrifað doktorsritgerð um Blyton og fjöldann allan af greinum og bókum sem fyrst og fremst eru ætlaðar til að veita dýpri skilning á þessum málum og í raun koma Blyton til varnar. Hann lætur þó ekki nægja að segja einfaldlega að gagnrýnin á Blyton eigi ekki rétt á sér, heldur fjallar hann um hvað það er sem gagnrýnin beinist fyrst og fremst að, hvers vegna hún sprettur upp og síðan hvernig hún gæti oft á tíðum byggst á hreinum misskilningi um fyrirætlanir Blyton og skrif hennar almennt.

Orðræðan um Blyton varð afar neikvæð um miðbik síðustu aldar og enn má reglulega heyra og lesa um gagnrýni á verk hennar. Menn létu sér ekki nægja að gagnrýna skrif hennar heldur var hún kölluð ýmsum illum nöfnum og meðal annars sögð stuðla að kynþáttafordómum og kynjamisrétti (Rudd, 2009, bls. 169). Í umfjöllun um gagnrýni á Blyton hér að framan kom meðal annars fram að bækur hennar voru taldar miðla afar staðlaðri mynd af stöðu karla og kvenna. Í öllum bókum hennar er sagt bæði frá strákum og stelpum og innan barnahópanna eru það greinilega strákarnir sem hafa meiri völd. Sama gildir um samskipti foreldra og annarra forráðamanna barnanna, karlarnir hafa venjulega yfirhöndina og hafa gagnrýnendur talið þetta eitt af fjölmörgum merkjum þess að bækurnar ýti undir kynjamisrétti. David Rudd neitar þessu þó og segir að í bókum Blyton sé málið hreint ekki svo einfalt að drengirnir séu stúlkunum alltaf yfirsterkari og þar með sé það útrætt mál. Þessu til stuðnings nefnir hann hinar fjölmörgu sterku kvenpersónur sem Blyton hefur skapað og hafa veitt svo mörgum stúlkum um allan heim innblástur, svo sem Georg í *Fimmbókunum* og Susan í *Leynifélaginu sjö saman* (Rudd, 1995, bls. 186-187).

Upprunalega ætlaði Blyton aðeins að skrifa sex bækur um hin fimm fræknu og eftir því sem líður á þær bækur má greinilega sjá breytingar á persónu Georgs, hún virðist missa sjálfstæði sitt og völd að miklu leyti. Margir hafa einmitt gagnrýnt Blyton fyrir þetta, en Rudd nefnir að jafnvel þó sjálfstæði Georgs virðist minnka þá fái hún það allt aftur á endanum. Í sjöttu og upprunalega síðustu bókinni má greinilega sjá hve undirgefín og stillt Georg er orðin, stúlkan sem alltaf hafði haft sínar skoðanir og helst aðrar en frændsystkini hennar. Júlli hefur jafnframt fært sig allmikið upp á skaftið þegar kemur að því að skipa henni fyrir og taka að sér hlutverk leiðtoga hópsins. Undir lok bókarinnar kemur þó í ljós að ekki er allur vindur úr Georgi enn og hún tekur málin einfaldlega í sínar eigin hendur þegar Júlli vill ekki leyfa henni það. Þó

að þetta verði kannski ekki til þess að veita henni sýnileg aukin völd innan hópsins þá endurheimtir Georg þarna sjálfstæði sitt og því mætti tala um einhvers konar táknræna valdeflingu hennar í þessu samhengi (Rudd, 1995, bls. 191). Í framhaldi af þessu má svo aftur minnst á Önnu og þá staðreynd að húsmóðurhlutverk hennar er ekki niðrandi eða neikvætt á nokkurn hátt, heldur þvert á móti valdeflandi fyrir hina ungu stúlku sem annars fær litlu að ráða sökum aldurs.

Gagnrýni á Blyton hefur ekki aðeins snúist um kynjamisrétti og kynþáttahatur, heldur hefur hún beinlínis verið gagnrýnd fyrir að skrifa um óraunhæfar persónur í óraunsæjum heimi, sem gefi börnum ranga mynd af samfélaginu. David Rudd hefur þó svör við þessu eins og svo flestu öðru. Hann segir Blyton aldrei hafa ætlað sér að skrifa raunsæjar bækur heldur hafi hún alltaf skrifað fremur ævintýrakenndar sögur í anda munnlegrar hefðar. Sögur hennar hafi fyrst og fremst átt að gefa börnum tækifæri til að kúpla sig út úr raunveruleikanum, taka sér pásu frá heimanámi og öðrum áhyggjum og hverfa inn í heim fullan af ævintýrum og tækifærum sem annars væri líklega ekki á færi þeirra að upplifa. Texti bókanna er afar myndrænn og lýsandi sem getur kveikt undir ímyndunarafla lesenda og fengið þá til að finnast þeir sjálfir vera orðnir hluti af sögunni (Rudd, 2009, bls. 177-179). Það hefur því líklega aldrei verið Enid Blyton efst í huga að skrifa bækur sem segðu börnum einfaldlega frá heiminum eins og hann er og engu öðru. Hún var staðráðin í því að gefa lesendum sínum það sem þeir vildu og hún vissi vel hvað myndi falla í kramið hjá yngri kynslóðinni. Hún lét það því ekki stoppa sig þegar fór að bera á neikvæðri gagnrýni á bækur hennar, hún vissi að börnunum líkaði það sem hún skrifaði og meiri hvatningu þurfti hún ekki (Rudd, 2010, bls. 257).

Sagt hefur verið frá því hér að framan að í kjölfarið af aukinni og háværingu gagnrýni í garð Blyton voru bækur hennar fjarlægðar úr mörgum skólum, bókasöfnum og heimilum. Gagnrýnin og þær róttæku aðferðir sem gripið var til í þeim tilgangi að losa samfélagið við bækurnar hafði þó ekki erindi sem erfiði. Blyton hafði nefnilega eignast afar öflugan bandamenn, lesendur sína. Börnin, sem mörg höfðu loksins fundið sögur sem þau hefðu gaman af að lesa og biðu í ofvæni eftir næstu bók, tóku upp hanskann fyrir Blyton þegar gagnrýnina bar sem hæst. Þó að þau væru von því að fullorðnir hunsuðu skoðanir þeirra þá höfðu hin sjálfstæðu og staðföstu börn í bókum Blyton gefið þeim kjarkinn til að standa á sínu, og úr varð að bækurnar fengu að vera, börnunum og Blyton sjálfri til mikillar ánægju (Rudd, 2010, bls. 266).

8. Lokaorð

Hér hefur verið rætt um bókaflokkka sem skilgreindir voru í upphafi sem „glæpasögur fyrir börn“. Ýmis einkenni þessara bóka hafa verið tekin sérstaklega fyrir og rök færð fyrir því hvort þau geti talist góð eða slæm þegar litið er til þess að bækurnar eru ætlaðar börnum. Lesendum bókanna er sagt frá ósigrandi börnum sem ekkert virðist bíta á, ekkert er þeim ómögulegt og jafnvel þó þau lendi í ógöngum þá blessast allt að lokum. Þó að þessar hugmyndir hafi heillað unga lesendur þá er nokkuð ljóst að ekki eru allir sem telja þetta æskileg skilaboð til barna.

Þegar umfjöllun um bækurnar er skoðuð má greinilega sjá að þrátt fyrir vinsældirnar hafa þær ekki alltaf fallið í góðan jarðveg. Ýmsir hafa sett sig upp á móti bókunum og gagnrýnin gekk jafnvel svo langt að sumar af bókum Enid Blyton og Edwards Stratemeyer voru hreinlega teknar úr umferð um tíma. Þó að einhverjir telji þessar bækur hvetja til glæfralegrar eða óæskilegrar hegðunar, kynþáttafordóma eða kynjamisréttis er samt sem áður heldur erfitt að alhæfa um slíkt eða þá að sannreyna þá kenningu.

Í upphafi var þeirri spurningu varpað fram hvaða hugmyndafræði bækur af þessu tagi miðla til lesenda. Af umfjölluninni hér á undan er ljóst að sú hugmyndafræði sem einna helst má sjá í bókunum snýr að hinum sjálfstæðu, snjöllu og ósigrandi ungmennum, en það eru eiginleikar sem eiga við um söguhetjur allra þeirra bóka sem hér hefur verið rætt um. Þó eru samfélagsviðhorf þessa tíma einnig nokkuð áberandi í bókunum, en það er ákveðin hugmyndafræði sem ekki getur talist eins jákvæð, til dæmis mismunur minnihlutahópa sem rætt hefur verið nokkuð um. Hér hefur verið fjallað um bækurnar út frá báðum hliðum, bæði það sem talar með þeim og á móti. Þó að bækurnar segi vissulega frá ýmsu sem ekki myndi standast ritskoðun í samfélagi nútímans þá verður því ekki neitað að þegar hæst bar voru þessar bækur þær allra vinsælustu meðal ungra lesenda. Börn virtust alltaf sækja aftur og aftur í bækurnar og það getur í raun bara verið ein ástæða fyrir því. Í bókunum fundu þau eitthvað sem þau fengu ekki annars staðar frá. Með því að koma sér fyrir úti í garði, uppi í gluggakistu eða undir sæng og opna einhverja af þessum bókum tókst þeim að hverfa inn í heim sem var þeim einhvern veginn fjarlægur og nálægur á sama tíma. Börnin sem bækurnar sögðu frá voru alveg eins og lesendurnir, en ævintýrin sem þau lentu í voru ekki á færi lesenda að upplifa sjálfir. Þess í stað fengu þeir að upplifa ævintýrin í gegnum eftirlætis söguhetjurnar sínar, og þegar allt kom til alls var það nákvæmlega það sem þeir þurftu á að halda. Þó menn geti deilt um ágæti þeirrar hugmyndafræði sem bækurnar eru taldar miðla þá getur enginn neitað því að hún nær til barnanna og er þegar upp er staðið ástæðan fyrir því að bækur Blyton og Stratemeyer eru ómetanlegar barnabókmenntir.

Heimildaskrá

- Ármann Jakobsson. (2005). Á aldarafmæli Enid Blyton. Í Silja Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Raddir barnabókanna* (bls. 214-236). Reykjavík: Mál og menning.
- Blyton, E. (1963). *Fimm komast í hann krappan*. Reykjavík: Prentsmiðjan Edda h.f.
- _____. (1967). *Dularfullu sporin*. Reykjavík: Prentsmiðjan Edda h.f.
- _____. (2006). *Ævintýraeyjan*. Reykjavík: Útkall ehf.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2005). Glæpakvendi og góðar sálir. Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 106-126). Reykjavík: Vaka-Helgafell og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- _____. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum X, Félags- og Mannvísindadeild* (bls. 569-577). Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi ehf.
- Cawelty, J. G. (1976). *Adventure, Mystery, and Romance*. Chicago: University of Chicago Press.
- Dagný Kristjánsdóttir. (2000). Svínaflesk, aldinm auk, glóðað brauð og blessað teið. Í Svanhildur Óskarsdóttir og Sverrir Tómasson (ritstjórar), *Ægisif* (bls. 22-25). Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.
- _____. (2006). Frá Laugamýri til Lundúna. Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk Bókmenntasaga IV* (bls. 564-585). Reykjavík: Mál og menning.
- _____. (2015). *Bókabörn: Íslenskar barnabókmenntir verða til*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dixon, F. W. (1971). *Frank og Jói á Íslandi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur hf. .
- Frank og Jói*. (e.d.). Sótt af <http://www.borgarbokasafn.is/is/content/frank-og-j%C3%B3i>
- Hardy Boys*. (e.d.). Sótt af <http://academic.eb.com/levels/collegiate/article/Hardy-Boys/485064>
- Jólabækur. (1962). *Æskan*, 63(11-12), 236.
- Katrín Jakobsdóttir. (2001). *Glæpurinn sem ekki fannst*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- _____. (2003). Ofurstelpur þurfa enga mömmu. *19. Júní*, 52(1), 32-33.

- Keene, C. (1999). *Draugahúsið*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Kismaric, C. og Heiferman, M. (1998). *The Mysterious case of Nancy Drew and the Hardy boys*. New York: Simon and Schuster.
- Löng er leiðin frá Benedikt á Auðnum til Benna í leyniþjónustunni. (1953). *Helgafell*, 5(2), 60-71.
- Nodelman, P. (2008). *The Hidden Adult: Defining Children's Literature*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Rudd, D. (1995). Five have a gender-ful time: Blyton, sexism, and the infamous five. *Children's Literature in Education*, 26(3), 185-196.
- _____. (2000). *Enid Blyton and the Mystery of Children's Literature*. Basingstoke: Palgrave.
- _____. (2009). In Defence of the Indefensible? Some Grounds for Enid Blyton's Appeal. Í J. Maybin og N. J. Watson (ritstjórar), *Children's Literature - Approaches and Territories* (bls. 168-182). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- _____. (2010). From Froebel Teacher to English Disney: The Phenomenal Success of Enid Blyton. Í J. Briggs, D. Butts, og M. O. Grenby (ritstjórar), *Popular Children's Literature in Britain* (bls. 251-269). Farnham: Ashgate Publishing Ltd.
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1981). *Íslenskar barnabækur 1780-1979*. Reykjavík: Mál og menning.
- _____. (2005). Raddir barnabókanna: um frásagnartækni í barnabókum. Í Silja Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Raddir Barnabókanna* (bls. 79-100). Reykjavík: Mál og menning.
- Stefán Jónsson. (1972). Vikið að vandamáli. *Menntamál*, 45(2), 75-80.
- Steingerður Steinarsdóttir. (e.d.). *Fyrirmyndarstúlkur bókmenntanna*. Sótt af <https://www.mannlif.is/vikan/laglegar-greindar-metnadarfullar-og-sjalfstaedar/>
- Symons, J. (1972). *Bloody Murder: From the Detective Story to the Crime Novel: A History*. London: Faber and Faber.